

## Tillaga um vinnustöðvun í hópþreifreiðaaakstri 1/2

Fundur samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn 28. febrúar 2019 kl. 20:00 í salarkynnum Eflingar Guðrúnartúni 1 samþykkir að láta fara fram atkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar skv. 15. grein laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Vinnustöðvunin taki til þess hóps félagsmanna Eflingar sem vinnur hjá fyrirtækjum í hópþreifreiðaaakstri (að undanskyldum áætlunarferðum innanbæjar í nafni Strætó BS) skv. almennum kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Eflingar – stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Stéttarfélags Vesturlands sem rann út þann 31. desember 2018.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar þessa kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin taki til allra hópþreifreiðastjóra og annarra félagsmanna Eflingar sem vinna hjá hópþreifreiðafyrirtækjum samkvæmt ofangreindum kjarasamningi Eflingar og SA (að undanskyldum áætlunarferðum innanbæjar í nafni Strætó BS) á félagssvæði Eflingar sem nánar tilgreint er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus auk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Greidd verða atkvæði samkvæmt heimildarákvæði 2.mgr. 15.gr. laga nr. 80/1938 og skal kjörskrá sett saman með tilliti til þess og á henni þeir félagsmenn Eflingar sem í hlut munu eiga.

Vinnustöðvun félagsmanna Eflingar samkvæmt ofangreindu á við um alla vinnu og er annars vegar tímabundin og hins vegar ótímabundin svo sem lýst er í neðangreindu:

- Frá klukkan 00:01 til klukkan 23:59 þann 22. mars 2019 (1 dagur)
- Frá klukkan 00:01 þann 28. mars 2019 til klukkan 23:59 þann 29. mars 2019 (2 dagar)
- Frá klukkan 00:01 þann 3. apríl 2019 til klukkan 23:59 þann 5. apríl 2019 (3 dagar)
- Frá klukkan 00:01 þann 9. apríl 2019 til klukkan 23:59 þann 11. apríl 2019 (3 dagar)
- Frá klukkan 00:01 þann 15. apríl 2019 til klukkan 23:59 þann 17. apríl 2019 (3 dagar)
- Frá klukkan 00:01 þann 23. apríl 2019 til klukkan 23:59 þann 25. apríl 2019 (3 dagar)
- Ótímabundin vinnustöðvun frá klukkan 00:01 þann 1. maí 2019

Atkvæðagreiðslu um vinnustöðvunina skal lokið eigi síðar en kl. 22:00, fimmtudaginn 14. mars 2019.